



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps  
Þriðjudaginn 8. júní 2021, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnarsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir formaður, Ólafía Sigurvinsdóttir. Vilberg Þráinsson boðaði forföll stuttu fyrir fundinn. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri í gegnum Teams, Sonja Dröfn Helgadóttir leikskólastjóri, Jóhanna Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Formaður bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Var þá gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 28. apríl 2021.

*Farið yfir fundargerðina, fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### 2. Tillaga að nýrri stundatöflu grunnskóladeildar skólaárið 2021 – 2022.

*Málið lagt fram að nýju. Formaður fór yfir málið og gaf skólastjóra grunnskóladeildar orðið. Skólastjóri fór yfir ferli kynningar á breytingunni gagnvart skólasamfélaginu. Nokkrar umræður fóru fram um málið. Nefndin leggur til að skólaárið 2021- 2022 verði notað til að vinna og kynna tillöguna betur í samráði við skólasamfélagið og farið verði í breytingar haustið 2022. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. Kennslumagn og fjöldi starfsmanna grunnskóladeildar.

*32 nemendur munu stunda nám við grunnskóladeild skólaárið 2021 – 2022, skólastjóri óskar eftir 132 kennslustundir í kennslumagn fyrir skólaárið. Fjöldi starfsmanna grunnskóladeildar verður 15. Nefndin leggur til að umbeðið kennslumagn verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. Skýrsla skólastjóra.

*Lögð er fram skýrsla um Innra mat Reykólahskóla grunnskóladeildar. Farið yfir skýrsluna. Enn fremur lýsir nefndin yfir ánægju með góða niðurstöðu úr ytra mati skólans.*

#### 5. Skýrsla leikskólastjóra.

*Leikskólastjóri fór yfir starfsemi leikskólans þessa dagana.*

#### 6. Skýrsla tómstundafulltrúa.

*Tómstundafulltrúi fór yfir sumarverkefnin, vinnuskólann og sumarnámskeiðin.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**7. Ásgarður, skóli í skýjunum.**

Svar Mennta- og menningarmálaráðuneytis við umsókn Reykhólahrepps og á Skóla í skýjunum ehf. um rekstur Ásgarðs.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti samþykkir stofnun þróunarskóla til þriggja ára skv. 44. grein grunnskólalaga.*

*Erindi lagt fram og kynnt.*

*Tilefni er til að funda með Ásgarði og fara yfir heimildina og samninga á milli aðila.*

**8. Handbækur menntastofnanna.**

*Lagt fram og kynnt.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:50**

_____	_____
_____	_____
_____	_____